

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þar.

## *Skýrsla umdæmisritara*

### *3. Umdæmisstjórnarfundur, haldinn laugardaginn 13 apríl 2013*

#### *í hinu nýja Kiwanishúsi umdæmisins að Bíldshöfða 12, Reykjavík*

Sú skýrsla sem liggur fyrir hér í dag er samantektarskýrsla fyrir janúar og febrúar 2013. Þó til hafi staðið að reyna hafa mars skýrsluna einnig í þessari samantektarskýrslu þá verður að segjast eins og er að margir klúbbar hafa ekki skilað marsskýrslunni, enda tiltölulega fáir dagar liðnir frá eindaga skýrsluskila.

Það verður bara að segjast alveins og er að mikill meirihluti klúbba eru með skýrsluskil í mjög góðu lagi og ber að þakka þeim fyrir skilvæsi og vandvirkni í sínum skýrslum. Nokkrir klúbbar virðast hafa einsett sér það að senda ekki skýrslur eða upplýsingar af neinu tagi og er mér sagt af fyrri ritara hreyfingarinnar að sumir klúbbar sendi aldrei inn skýrslur af einhverjum ókunnum ástæðum. Það er nú ekki ætlun mín hér á þessum fundi að velta mér upp úr ástæðum þess hversvegna klúbbar kjósa að senda ekki inn skýrslur með reglulegum upplýsingum um starfssemi þeirra. Sú umræða verður að bíða betri tíma.

Nokkrir klúbbar hafa gert það að venju sinni að senda inn fréttir úr starfinu og hefur umdæmisritari haft einstaklega gaman að rýna í margbrotið starf þeirra. Eitt af er það í starfi umdæmisritara sem gerir embættið áhugavert og það er hversu öflugir klúbbarnir eru í sínu nærumhverfi og hvað félagar eru að leggja á sig margar vinnustundir til að gera klúbbstarfið áhuga og sýnilegt. Nú sem endranær er mikilvægt að fá allar upplýsingar um fjáraflanir og gjafir til líknarmála svo mögulegt sé að skrá niður og fá réttar upplýsingar um starfsemi klúbbana. Einnig er fróðlegt fyrir marga að geta séð hversu öflug hreyfingin er á landsvísu.

Mér hafa borist 64 skýrslur á þes en 10 skýrslur eru ekki komnar í hús. Skýringin á þeim fjölda af skýrslum sem upp á vantar hversu má rekja til þess eins og ég nefndi hér áðan að nokkrir klúbbar senda ekki inn skýrslur. Þó má geta þess að Kiwanisklúbburinn Höfði hefur reynt að senda inn skýrslur, en af einhverjum ástæðum hafa þær ekki verið rétt gerðar og af þeirri ástæðu hef ég ekki skráð móttöku á þeim.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanishjartað er allt sem þar.

Fjöldi félaga er nú 930 samkvæmt gagnagrunni hreyfingarinnar, en þá má vera að fjöldinn muni aukast nú fljótlega þar sem frávik milli gagnagrunns og félagatals klúbba stemmir ekki og það má vera að það eigi eftir að skrá inn í gagnagrunn nýja félaga.

Meðal mætingarþrósentan á þessu tímabili hjá þeim klúbbum sem hafa skilað mér skýrslum er rétt um 73,8 % sem er heldur minna en var fyrir áramót.

Í Umdæminu Ísland – Færeyjar eru nú 36 klúbbar í 5 svæðum og er víða mikil starfsemi innan klúbbana. Kiwanisfélagar hafa unnið í samtals 5.266 klst. á þessu starfsári

og safnað rétt um 10.392.295 kr. og gefið til líknarmála 11.930.892 sem er eftirtektarverður árangur.

Líklega er þó sessar upphæðir enn hærri, en eins og sjá má á samantektarskýrslunni þá eru ekki allir klúbbar að skrá fjáraflanir, styrkveitingar og framlag í vinnustundum.

Frá áramótum hefur talsverð vinna farið í að aðstoða ritara klúbba við að breyta til og laga upplýsingar í gagnagrunni og hefur sú vinna gengið nokkuð vel þrátt fyrir misjafna tölvufærni nokkurra ritara.

Mig langar að lokum að biðja svæðisstjórana að hvetja klúbbana í sínu svæði að skrá inn breytingar á netföngum félaga inn í gagnagrunninn ásamt breyttum heimilisföngum og farsímanúmerum.

Ýmsar upplýsingar eru reglulega sendar til allra félaga á tölvupósti og er leiðinlegt ef margir eru að fara á mis við að fá þessar upplýsingar svo sem fréttabréf og skilaboð frá nefndum svo eitthvað sé nefnt.

**Hörður Baldvinsson**

Umdæmisritari Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar